

SKEL fjárfestingafélag hf.

Afkoma 3. ársfjórðungs 2022

Hagnaður eftir skatta 196 milljónir króna á 3F 2022

Hagnaður eftir skatta 5.135 milljónir króna á 9M 2022

Kaupsamningur vegna Kletts undirritaður

Orkan keypti hlut í raforkusölnunni Straumlind

Samkomulag um sölu á hlut SKEL í Orkufélaginu í Færeyjum fyrir um 2,8 milljarða króna

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR 3F 2022

- Fjárfestingatekjur námu 509 m.kr.
- Rekstrargjöld námu 334 m.kr.
- Hagnaður eftir skatta nam 196 m.kr.
- Framlegð rekstrarfélaga nam 2.710 m.kr. til samanburðar við 2.027 m.kr. á 3F 2021
- EBITDA SKEL og rekstrarfélaga nam 1.523 m.kr. til samanburðar við 938 m.kr. á 3F 2021
- Hagnaður á hlut var 0,10 á 3F
- Eiginfjárhlutfall nam 84,3%
- Handbært fé 7.090 m.kr.

Tilgangi félagsins var breytt í fjárfestingafélag á hluthafafundi 7. október 2021. Breytingin hefur í för með sér að eignir félagsins munu endurspegla gangverð á hverjum tíma. Sú aðlögun stendur yfir og mun að fullu birtast í ársreikningi 2022.

HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2022

Afkoma SKEL eftir skatta á fyrstu 9 mánuðum ársins nemur 5.135 m.kr. og áætluð afkoma fyrir árið í heild er 7,6-8,3 milljarðar króna samanber áður útgefna afkomuspá.

ÁSGEIR HELGI REYKFIJÖRÐ GYLFASON, FORSTJÓRI SKEL:

„Afkoma þriðja ársfjórðungs litast af sveiflum á hlutabréfamörkuðum. Verðlækkun á skráðum hlutabréfum félagsins nam 214 m.kr. á fjórðungnum. Á sama tímabili var góð afkoma hjá Skeljungu, Orkunni og Galloni, þ.e. rekstrarfélögunum sem eru að fullu í eigu SKEL, en hún nam samtals 578 m.kr. EBITDA SKEL og rekstrarfélaga fyrir fyrstu 9 mánuði ársins er 2.981 m.kr. Áður hefur verið gefið út að áætluð EBITDA fyrir árið í heild væri á bilinu 3.200 til 3.600 m.kr.

Þegar horft er yfir eignasafnið þá eru nokkur atriði sem við teljum vera mjög jákvæð á fjórðungnum.

Orkan keypti hlut í raforkusöluþyrirtækinu Straumlind. Við teljum að gildi og sýn Straumlindar og Orkunnar falli vel hvort að öðru. Fjöldi viðskiptavina Straumlindar hefur meira en fimmfaldast á þessu ári og af þeim heimilum sem skiptu um raforkusala á þessu ári hafa yfir helmingur þeirra valið Straumlind. Samstarf félaganna mun flýta verulega fyrir auknu vöruframboði samstæðunnar á raforku.

Skeljungur undirritaði kaupsamning um hlut í Kletti. Samhliða keypti SKEL fasteignirnar sem hýsa félagið. Kaupin bíða samþykki Samkeppniseftirlitsins. Líkt og Skeljungur er Klettur rótgróið fyrirtæki sem byggt er upp utan um alþjóðleg vörumerki. Kaupin eru stefnumarkandi og liður í uppbyggingu á fyrirtæki sem þjónustar íslenskt atvinnulíf á breiðum grunni.

Kaldalón setti fram stefnu um markmiðadrifinn vöxt fram að skráningu á aðalmarkað á liðnum fjórðungi. Í framhaldi af því var hlutafé aukið um 4 milljarða að markaðsvirði. SKEL fagnar aðkomu breiðs hóps fjárfesta að félaginu og telur umtalsverð tækifæri felast í sterkum efnahag á komandi misserum.

VÍS tilkynnti að félagið hafi sótt um heimild til endurkaupa á hlutafé og áætlanir um frekari sókn inn á eignastýringarmarkað. Líkt og áður þá teljum við tækifæri hjá félaginu í breiðara þjónustuframboði á grunni sterks vörumerkis, stórum viðskiptavinagrundi og farsælli viðskiptasögu.

Rekstur Magn í Færeyjum gengur vel og er útlit fyrir að árið 2022 verði umfram væntingar. Þann 25. október tilkynnti SKEL að samkomulag hafi náðst við fjárfesti í Færeyjum um kaup á meirihluta í Orkufélaginu. Samkomulagið er háð hefðbundnum fyrirvörum, svo sem um gerð áreiðanleikakönnunar, afkomu ársins, samþykki þarlandra yfirvalda og skjalagerð. Umsamið kaupverð eignarhlutar SKEL er 146 m.DKK. Salan er liður í þeirri stefnumörkun að gera eignasafn SKEL minna háð jarðefnaeldsneytissölu.

KYNNINGARFUNDUR

Opinn kynningarfundur vegna árshlutauppgjörs félagsins verður haldinn 28. október, á Reykjavík Edition, Austurbakka 2, 101 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, forstjóri og Magnús Ingi Einarsson, fjármálastjóri kynna afkomuna og helstu þætti úr rekstrinum.

Kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu SKEL, <https://skel.is/fjarfestar>

LYKILYFIRLIT FYRSTU 9 MÁNUÐA ÁRSINS 2022

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr lykilyfirliti félagsins, sem aðgengilegt er á www.skel.is

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, fjarfestar@skel.is